

Weber 4630 Industry Lit útiflot

Notkunarsvið

Weber 4630 er hraðþornandi úti/inni flot sem er ætlað til flotunar á iðnaðargólfum þar sem kröfur eru gerðar um mjög háan slag- og slitstyrk. Einnig hentar efnið mjög vel á bílskúra, svalir, verandirðog aðra staði þar sem mikið mæðir á undirlaginu. Efnið má nota úti sem inni. Efnið hefur háan þrýststyrk, þolir vel frost, jafnvel í söltu umhverfi Sérstakt sement og mjög hörð fylliefni gefa 4630 þessa frábæru eiginleika.

Kostir

Weber 4630 er dælanlegt hraðþornandi flotefni sem er auðvelt í notkun. Ekki er þörf á frekari yfirborðs-meðhöndlun eftir lögn, svo sem slípun eða fínspörltun. Weber 4630 er vottað af óháðum aðila sem er SP Sveriges Forsknings och Provningsinstitut, P og CE merkt og uppfyllir kröfur HusAMA um flotefni.

Þykktarsvið

Efnið er lagt í 7 - 20 mm þykkt (8 -15mm algengast). Við meiri þykktir er mælt með að nota Weber 4602 DuroBase Extra sem undirlag.

Undirvinna

Undirlagið skal vera hreint og laust við lausan múr, sementsslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi sem komið geta í veg fyrir góða viðloðun. Ef flota þarf yfir lakkað gólf, skal slípað yfir með sandpappírslípivél og lakkið mattað. Grunnið síðan með MD-16 1:1 og stráið þurru efni í blautan grunninn og kústið saman. Látið síðan þorna og er þá undirlagið tilbúið undir flotun.

Grunnur

Grunna skal með Weber Floor 4716 í tveim umferðum. Fyrst 1 hluti grunnur á móti 5 hlutum vatni, síðan 1 hluti grunnur og 3 hlutar vatn í seinni umferð. (Sjá leiðbeiningar um notkun á Floor 4716 við mismunandi aðstæður)

Blöndun og lögn

Vatnsmagn er 3,8 lítrar í 25 kg. poka. Blandið saman með hæggengri borvél. Ef dæla á efninu, leitið þá upplýsinga hjá söluaðila. Mælið flotið í efninu (samkv. SS 923519) með hring sem er 50x22mm. Athugið einnig við flotprufu hvort efnið sé nægjanlega vel hrært saman. Gott er að draga úr efninu með tenntum spaða, til að losa loft úr efninu eða rúlla yfir með gaddarúllu. Ekki má leggja efnið ef hitastigið fer niður fyrir 5°C næstu 12 - 24klst.



Athugið

Þegar flotað er utandyra þarf alltaf að taka veðurfarið með í reikninginn. Verið alltaf með yfirbreiðsluplast eða annan útbúnað til að verja flotið ef veður breytist skyndilega.

Eiginleikar 4630 Duro Lit

Þykkt max:	20. mm
Þykkt min:	7. mm
Þrýstipól(EN 13813):	35. MPa
Beygjutogpól(EN 13813):	11. MPa
Togpól (28 dagar):	3. MPa
Flot (SS 923519):	180-190 mm
Brunaflokkun(EN13501-1):	A2fl s1
pH (í fullþurru efni):	11,0
Vatnspörf:	15% (3,8L/25kg)
Efnisnotkun:	
5 mm þykkt:	9,5 kg/m ²
10mm þykkt:	19 kg/m ²
Gönguhæft eftir:	2-3klst
Létt umferð eftir:	24 klst
Full umferð eftir:	7 daga
Geymsluþol:	6-12 mán. í þurri geymslu

Aðgæsla

Með raka eða vatni virkar efnið eins og önnur múrefni, ertandi, á húð, slímhimnu í augum og öndunarvegi. Það er því ráðlagt að nota hlífðarbúnað svo sem rykgrímur, öryggisgleraugu og hanska.

Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf upplýsinga hjá sölumönnum ef í vafa. Ekki má blanda öðrum efnum saman við flotið þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

MÚRBÚÐIN